

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	LJÓSMYNDUN MYNL2LJ05	
	Námsáætlun HAUST 2019	



Kennari	Véronique Legros	Sk.st.	VER
Viðtalstími :	<i>eftir samkomulagi</i> 691.1450	Netfang :	vero@vma.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum lærir nemandinn að beita aðferðum ljósmyndunar til að tjá hugmyndir sínar og tilfinningu fyrir umheiminum. Hann lærir á stillingar ljósmyndavélarinnar (filmu eða stafræna) og spreytir sig í myndatöku aðallega við náttúrulega lýsingu. Nemandinn kynnist vinnu í myrkrakompu þar sem hann framkallar og stækkar svart/hvítar myndir teknar á filmu og gerir tilraunir á skapandi hátt. Áhersla er lögð á eigin túlkun í nálgun viðfangsefna og meðvitund nemanda um inntak og uppbyggingu bæði einstaka mynda og í samhengi innan myndraða.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig hann getur beitt ljósmyndavél við ólíkar aðstæður til að ná fram fjölbreyttu myndefni
- tengslum ljósops og tókuhraða
- tjáningarmöguleikum sínum frá sjónarhóli ljósmyndunar í myndatöku og í myrkrakompu
- meðferð og túlkun ljósmyndunar
- mikilvægi ljósmyndunar í samfélaginu og samtímalistum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota handvirkar stillingar myndavélarinnar af öryggi
- sjá myndefni í umhverfi sínu
- skapa ljósmyndaseríu eftir eigin hugmynd
- stækka mynd í stækkara
- framkalla filmu
- velja ljósmyndir, skoða þær í samhengi og ræða um þær

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna frumkvæði og skapandi nálgun við vinnu í myrkrakompu
- öðlast sjálfstraust í myndbyggingu og sjálfstæði í þróun hugmynda
- skilja áhrif mismunandi mynduppbyggingar
- skilja hvernig samhengi myndanna getur breytt merkingu þeirra
- ganga frá og setja upp fjölbreyttar ljósmyndir til sýningar
- fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt

Innkaup : Mappa A3 Þessari möppu verður viðhaldið alla önnina (í tímum og líka heima)
t.d með tilraunum gerðum í myrkrakerbergi, persónulegum rannsóknnum og heimildum, hugmyndum, skrásetningum og athugasemdum eða skýringum ...



Æskilegt er nemendur eiga eða hafa aðgang að *filmuvél* sem hægt er að stilla

(og /eða stafrænni myndavél) **HAFIÐ Í HUGA AÐ MÆTA ALLTAF Í TÍMA MEÐ MYNDAVÉL !** 

Útgáfa: 10
Dags.: 23.02.2016
Höfundur: AMJ
Sampykkt: SHJ
Síða 2 af 2

Verkmenntaskólinn á Akureyri

LJÓSMYNDUN MYNL2LJ05
Námsáætlun HAUST 2019



Áætlun um yfirferð : ATH með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU

* VÍKA nr.	TÆKNI - MYRKRAHERBERGI	Verkefni í myndatöku
34	Kynning á kennsluáætlun - Inngangur	
35 - 41	Teknar eru myndir á filmu á ósjálfvirkar vélar (manual- analog) og fullunar í myrkraherbergi. Í fyrstu verður áherslan lögð á myndatökuna og svo verður nemendum stígt af stígi kynntir starfshættir í ljósmyndaherbergi - tilraunir / ljósteikningar / blöndun vökvanna ... Þar næst verður kennt að framkalla filmu, gera snertiprentun og stækka og ganga frá myndirnar.	1stu myndirnar Hreyfing Sjálfsmyndir Bestu félagar
42 - 43	Kynning á lokaverkefninu	
44 - 48	Undirbúningur Myndataka Stækkun Frágangur	Lokaverkefni frjálst myndefni sjálfstæð vinna
49	SKIL : 4.des. + Yfirferð - Uppsetning sýningar OPIÐ HÚS á listnámsbraut - SÝNING : 5.des. (kl.20.00 - 21.30)	

Námsmat og vægi námsþátta :

Matsform:	X Símat	σ Lokapróf/valið lokapróf	σ Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Mappa	(7 x 5%) ljósteikningar / filmur- snertiprentun / myndataka / prufur-tilraunir / dodging- burning-solarization -"samloka"/ stækkun / fjölbreyttari-aukamyndir		35 %
Verkefni í myndatöku	(2 x 5%) sjálfsmyndir - bestu félagar / frumleiki - hugmyndavinna		10 %
Uppsetning og frágangur	sjónræn framsetning í möppu		5 %
Lokaverkefni	2 seríur (2x5%) 2 stækkanir (2x5%)		20 %
Ferlið: hvemig nemandi ber sig að við verkið :	virkni - ástundun í tímum sjálfstæði í vinnubrögðum í myrkraherbergi		10 %
Sjálfsmat	sjálfsmat nemanda unnið á kennslutíma í lok annar		10 %
	Samtals:		100%
Öll verkefni eru metin : höfó eru í huga atriði eins og áhugi, ástundun, virkni, hugmyndaauðgi, frumleiki, sköpun, túlkun, tjáning, ígrundun, listræn gildi verka, tæknileg færni, framfarir, úrvinnsla og frágangur, verkefnaskil.			

Verið stundvís (alveg eins og ég) og vinnusöm það skilar sér í lok annarinnar :)

Gangi ykkur vel !
Með fyrirvara um breytingar

VÉRO

Dagsetning: 18.08.2019

Undirritun kennara

Undirritun þjófstarfsmanns, fagstj eða staðgengils